

Súgandisey - Perla við Stykkishólm



01942

NÁLGUN

Súgandisey er náttúrperla við Stykkishólm sem gerir tengingu bæjarins við Breiðafjörð enn sterkari. Frá eyggi er mikilfenglegt útsýni yfir Breiðafjörðinn sem margir sækja eftir. En eyjan hefur einnig sitt eigið aðdráttarafl. Hver hluti eyjunnar býður upp á mismunandi áherslur og upplifanir. Er gönguferð um eyjuna því eins og keðja upplifunar þar sem sjónum er ýmist beint að því sem stendur nær eða fjær.

Samhliða því að leysa afmarkað verkefni á austurströnd Súgandiseyjar höfum við valið að koma með heildræna framtíðarsýn varðandi það hvernig styrkja mætti heildarupplifun eyjunnar í síðari áföngum. Eyjan er röð upplifunar í tíma og rúmi og er leiðin á milli mismunandi staða jafn mikilvæg og staðirnir sjálfir. Núverandi göngustígur er áfram hálsfestin enda liggur hann vel í landinu en nýjar perlur verða þræddar upp á hann. Áfram verður notast við núverandi stíga og troðninga en þeir mögulega uppfærðir en nær engir nýir stígar verða lagðir.

Okkar markmið er að styrkja upplifun hvers staðar og þau gæði sem eru þar eru. Útsýnið er nægilega sterkt eitt og sér en við bætum við vídd sem er ætlað að draga fram gæði sem við fyrstu sýn eru ekki augljósir.


ÁSKORUN

Verkefni sem þetta er eins og hafið. Það gefur og tekur. Þegar byggja á útsýnispall sem hefur m.a. það hlutverk að auka öryggi er hætta á því að staðurinn missi þá eiginleika sem gera staðinn að því sem hann er. Samkeppnissvæðið við Stöng og Kletta-tanga er mjög gott dæmi um þetta. Hér væri auðvelt að einblína á hið augljósa; stórfenglegt útsýnið. En staðurinn snýst um miklu meira en útsýnið. Þegar nær dregur brúninni eykst fiðringurinn í maganum. Fyrir neðan er öldugjálfur og hamraveggurinn magnar upp hljóðið ef maður hallar hausnum fram yfir brúnina. Það gerir líka fiðringurinn í maganum. Það sem gerir upplifunina áhugaverða gerir hana á sama tíma hættulega. Hér felst áskorunin.

FORMKONSEPT OG EFNI


Súgandisey er stuðlabergseyja eins og aðrar eyjar í Breiðafirði. Flestir stuðlarnir lóðréttir, aðrir á ská og jafnvel láréttir á stöku stað. Við Kletta-tanga hafa stuðlarnir mjög ákveðna sveigju. Það eru þessi einkenni sem við viljum undirstrika og tengja okkur við. Þess vegna taka viðkomustaðirnir upp form stuðlabergsins með einum eða öðrum hætti en öll handrið taka form af stuðlaberginu.

Megin efni er kortenstál sem tengir við litinn í berginu en er jafnframt mjög þolið fyrir erfiðum umhverfisaðstæðum og þarf lítið viðhald. Einnig er reiknað með gleri þar sem grindverk stendur við bjargbrún til að viðhalda tilfinningunni fyrir brúninni.



Perlufestin


Núverandi göngustígur er hálsfestin og viðkomustaðir perlurnar




Stefna Kletta-tanga



Sjúgandisey og nánasta umhverfi
1:5000



Stuðlaberg
Handriðið tekur á sig form stuðlabergsins



Klettabrún
Útsýnispallurinn myndar ás frá stíg og fram yfir klettabrún. Gestir geta valið um að stikla á stuðlabergssteinum eða gengið á sléttu gólfi pallsins

STÖNGIN

„Hvernig liggur í þessu“ spyr ferðamaðurinn sig. Hann gengur fram á lítinn pall þar sem hann getur gægst á milli á milli Stangarinnar og klettanna. Fær fiðring í magann. Pallurinn er nettur út hálf gegnsæjum ristum og með stuðla-grindverki við brúnina. Hér er sjónum beint frá hinu stóra landslagsmálverki Breiðafjarðar og að sjálfri eyjunni og sérstakri uppbyggingu hennar.

Horft yfir Stöng og Kletta-tanga og yfir Breiðafjörð til norð-austurs



KLETTA-TANGI


Hér liggur aðal viðkomustaðurinn. Hann vex upp úr stuðlaberginu á tanganum en grindverk úr kortenstáli og gleri tekur form sitt af stuðlunum við brúnina. Handriðið sem að hluta til er úr gleri hallar út hægra megin og tekur upp sveigjuna í klettinum. Með þessu getur ferðamaðurinn kíkt út fyrir kantinn á tryggan hátt en fær eftir sem áður smá fiðring í magann.

Héðan getur ferðamaðurinn séð og heyrt hvernig öldurnar mæta klettinum. Vinstra megin (til norðurs) er (innspenntur) pallur sem nær um tvo og hálfu metra út fyrir klettinn. Gólfi hans er klætt gegnsæjum ristum. Hérna er ferðamaðurinn kominn út fyrir þægindarammann og fiðringurinn í maganum eykst til muna. En það gerir upplifunina bara minnisstæðari og sterkari. Héðan sér hann stuðlabergið og sérstakan lit stuðlanna vel. Hér er hann í lausu lofti á meðal fugla. Instagram-vænn staður þar sem ferðamaðurinn getur sett upp sína eigin útgáfu af frægu atriði úr Titanic þar sem aðal söguhetjurnar halla sér fram úr stefni skipsins með vindinn í fangið **#sugandisey #stykkisholmur #iceland #titanic**


Efnisnotkun verður blanda af Kortenstáli og gleri. Reiknað er með því að borað verði í eða á milli stuðla og teinar límdir ofan í. Pallur verður boltaður í klöpp og/eða steiptar undirstöður og mun verða innspenntur. Það er því ekki þörf á utánaliggjandi styrkingum eða stífum, enda ásýndin frá hafi líka mikilvæg. Upplýsingaspjöld um umhverfi og fuglalíf verða fest á grindverk. #sugandisey og #stykkisholmur verður grafið í stálið.

Útsýnispallurinn spilar með skinfærin og upplifunin verður sterkari fyrir vikið





Kletta-tangi
Grunnmynd 1:200



Kletta-tangi
Snið 1:200



Kletta-tangi
Frá sjó

+2.00

-2.00

Súgandisey

Göngustígur um eyjuna myndar hálsfesti og viðkomustaðir perlur sem bjóða upp á mismunandi upplifun.



7.


Fuglaskoðun
náttúruskoðun

8.

Innsigling
útsýni
Stykkishómur

1.

Aðkoma
(mögulega í tengslum
við nýtt ferjuhús)



6.
Fjara
fjörusteinar
hafflötur


9.
Áningarstaður
grillaðstaða
setsvæði

3.
Vitinn
360°

2.
Ástarhreiðrið
útsýni
Stykkishómur

4.
Stöng
útsýni
bergið

5.
Kletta-tangi
útsýni
aldan
fiðringur



HEILDARUPPLIFUN - ÁFRAMHALDANDI ÞRÓUN

Aðkoman að eyjunni er í gegnum höfnina. Núverandi tröppur liggja vel í landslaginu og flytur ferðamanninn úr raunveruleika hafnarinnar og upp í annan heim eyjunnar. Núverandi tröppur mætti klæða með kortenstáli. Væri það hagkvæmt og í takt við efnisnotkunina sem lagt er upp með á öðrum viðkomustöðum.

Þegar komið er upp tröppurnar tekur við fallett grasi vaxið dalverpi þar sem sést í toppinn á vitanum. Hann verður eðlilegur næsti viðkomustaður en áður en þangað er komið er gengið fram á Ástarhreiðrið. Frá **vitanum** sést yfir eyjuna og héðan er forvitnin vakin á þeim stöðum sem munu verða á leiðinni.

Frá vitanum liggur leiðin að Stöng og Kletta-tanga en þeim stöðum hafa verið gerð skil hér að framan. Norðarlega á eyjunni er falleg steinaströnd. Hér væri hægt að byggja tröppur úr kortenstáli niður í fjöruna. Fjaran myndar algjöra andstæðu við Kletta-tanga. Hafflöturinn og öldurnar eiga heima hér. Ef maður finnur flatan stein á kyrrlátum degi getur maður fleytt kerlingar.

Vestarlega á eyjunni með útsýni til vesturs mætti byggja lítið skýli til fuglaskoðunar sem einnig mætti nota sem nestisaðstöðu þegar þannig viðrar. Héðan sjást t.d. æðakollur á haffletinum og aðrir fuglar í Stakkey en héðan er líka fallett útsýni til vesturs út Breiðafjörðinn.

Í hlíðinni vestur undir vitanum, skammt frá uppgöngunni, er svo lagt til að verði áningarstaður sem er hugsaður sérstaklega fyrir heimamenn. Hér mætti hugsa sér bekki og grillaðstöðu svo litlir hópar geti hist og borðað saman í fallettu umhverfi með fallettu útsýni vestur Breiðafjörð.

BALDUR

Akoma að Súgandisey gæti í framtíðinni orðið hluti af ferjuhúsi fyrir Baldur. Þannig mætti hugsa sér turn í byggingunni þar sem í væri lyfta til að komast upp á eyjuna. Eyjan yrði þannig aðgengilegri fyrir alla. Veitingasala og salernisaðstaða gæti nýst farþegum bátsins sem og gestum eyjarinnar.


SAMVINNA

Hægt væri að hugsa sér að einhverjir þeirra viðkomustaða sem hér eru nefndir yrði unnir í samvinnu við listamenn af svæðinu og með þeim hætti hafi staðirnir líka hlutverk sem aðdráttarafl og styrki eyjuna sem einstaka upplifun sem ferðamenn jafnt sem heimamenn sækjast eftir að heimsækja og styrki þannig Stykkishólm sem viðkomustað ferðamanna.



1. Aðkoma

Þrepin upp í eyjuna er hægt að endurbæta á einfaldann hátt



6. Fjaran

Þrep niður í fjöruna falla vel að landslaginu, láta lítið yfir sér og bjóða upp á þægilega leið niður að sjó.

7. Fuglaskoðun

Breiðafjörður er þekktur fyrir fjölbreytt dýralíf. Skýli til fuglaskoðunar er tilvalin viðbót við aðra viðkomustaði í Súgandisey



9. Áningarstaður

Á grasbala neðan við vitann til vesturs er gert ráð fyrir áningarstað með grillaðstöðu

